

Nr. 23.
11. júlí.

Lög

um

vita, sjómerki o. fl.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Vita, leiðarljós, sjómerki, dufl eða önnur leiðbeiningarmerki fyrir skip má ekki setja upp nema með leyfi stjórnarráðsins. Sá, sem óskar að koma upp einhverju þesskonar leiðbeiningarmerki, hvort sem það er hafnarnefnd, sýslunefnd, hreppsnefnd eða einstakur maður, verður að senda stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess, ásamt nákvæmri lýsingu á hinu fyrirhugaða merki, legu þess og tilgangi.

Stjórnarráðið bindur leyfið þeim skilyrðum, er þurfa þykir, eða neitar um það, ef merkið telst skaðlegt.

2. gr.

Eigandi eða umráðandi leiðbeiningarmerkis ber ábyrgð á því, að merkinu sje ávalt haldið í góðu standi og það fullnægi skilyrðum þeim, sem sett voru, þá er leyfið var veitt. Vanræki hann þetta, má stjórnarráðið eftir atvikum láta taka merkið burt á hans kostnað.

3. gr.

Leiðbeiningarmerkjum má ekki breyta nema með leyfi stjórnarráðsins og verður því umráðamaður, sem breyta vill merki, að leita til þess leyfis stjórnarráðsins að minsta kosti 2 mánuðum áður en hann ætlar að koma breytingunni á.

Nú vilja umráðamenn leggja niður merki, sem eigi ber skylda til að halda við áfram, og skal það þá tilkynnt stjórnarráðinu með tveggja mánaða fyrirvara að minsta kosti. Sje merki þannig burtu numið, skal það gert svo rækilega að á því verði ekki vilst á eftir.

4. gr.

Nú bilar leiðbeiningarmerki, og skal þá eigandi eða umráðandi senda tafarlaust stjórnarráðinu tilkynning um bilunina með símskeyti eða hraðboða eftir atvikum, og ber honum að koma merkinu í lag sem allra fyrst. Þegar merkið er komið í lag, skal hann senda stjórnarráðinu tilkynning um það.

5. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald og niðurlagning leiðbeiningarmerkja ná einnig til merkja þeirra, sem til eru, er lögin öðlast gildi.

Nr. 23. Lög 11. júlí um vita, sjómerki o. fl.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

Nr. 23.
11. Juli.

om

Fyr, Sømærker m. v.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Fyr, Ledelygter, Sømærker, Bøjer eller andre Vejledningsmærker for Skibe maa ikke anbringes uden Ministeriets Tilladelse. Den, som ønsker at anbringe et saadant Vejledningsmærke, det være sig Havnekommissioner, Sysselforstanderskaber, Repsforstanderskaber eller private Personer, skal til Ministeriet indgive et Andragende om Tilladelse dertil bilagt med nøjagtig Beskrivelse af det paatænkte Mærke, dets Beliggenhed og Øjemed.

Ministeriet stiller de fornødne Betingelser for Tilladelsen, eller nægter denne, saafremt Mærket formenes at ville blive skadeligt.

§ 2.

Den, som ejer eller raader over et Vejledningsmærke, er ansvarlig for, at det stedse holdes i Orden og fyldestgør de ved Tilladelsen stillede Betingelser. Forsømmer han dette, kan Ministeriet efter Omstændighederne lade Mærket fjerne paa hans Bekostning.

§ 3.

Vejledningsmærker maa ikke forandres uden Ministeriets Tilladelse; naar den, som raader over et saadant Mærke, vil forandre dette, maa han derfor mindst 2 Maaneder inden Forandringen paatænkes iværksat søge Ministeriets Tilladelse dertil.

Hvis de, som raade over et saadant Mærke, ønske at nedlægge det, og de ikke ere pligtige til vedblivende at holde det vedlige, have de at underrette Ministeriet derom med mindst 2 Maaneders Varsel. I sidste Fald maa Mærket borttages saa fuldstændigt, at det ikke derefter kan virke vildledende.

§ 4.

Naar et Vejledningsmærke kommer i Uorden, har den paagældende, efter Omstændighederne ad telegrafisk Vej eller ved Ilbud, ufortøvet at gøre Ministeriet bekendt hermed, hvorhos han snarest muligt skal sørge for Mærkets Istandsættelse. Naar Mærket igen er i Orden, skal Ministeriet underrettes derom.

§ 5.

Nærværende Lovs Bestemmelser med Hensyn til Vejledningsmærkers Vedligeholdelse og Nedlæggelse omfatte tillige de Mærker, der forefindes ved Lovens Ikrafttræden.

Nr. 23. Lov af 11. Juli om Fyr, Sømærker m. v.

Nr. 23.
11. júlí.

6. gr.

Auglýsa skal í Lögbirtingablaðinu allar breytingar, er verða á vitum og öðrum leiðbeiningarmerkjum fyrir skip, og ennfremur gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þær verði auglýstar utanlands eftir því, sem með þarf og á þann hátt, sem tíðkast hefur hingað til.

7. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfesting hafnarreglugerða, að sett sje við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sje kröfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Hafnarnefndum er skylt að láta nema burt úr höfnum eða leiðum inn á þær skipsflök eða annað, er hefur sokkið þar eða rekið þangað og getur valdið skaða skipum, er þangað leita eða þar liggja.

Jafnan skal hafnarnefnd láta leggja dufl út til viðvörunar, þar er svo er ástatt, þangað til fullnaðarráðstöfun hefur verið gerð.

Kostnað þann, sem af þessu leiðir, greiðir hafnarsjóður. Fari kostnaður fram úr 300 krónum, greiðir þó landssjóður það, sem umfram er, eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Kostnað af duflum ber þó hafnarsjóður einn.

Nú verður ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða leiðar á höfn, og sker stjórnarráðið þá úr.

8. gr.

Nákvæmari ákvæði um starfrækslu vita og sjómerkja, og um ráðstafanir til að afstýra hættum og farartálmum á höfnum og skipaleiðum umhverfis landið skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

9. gr.

Þegar hafnsögumenn verða þess varir, að leiðbeiningarmerki á því svæði, þar sem þeir eru hafnsögumenn, eru í ólagi, ber þeim að gera hlutaðeigandi lögreglustjóra viðvart um það tafarlaust.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr., og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 11. júlí 1911.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

§ 6.

Alle Forandringer med Hensyn til Fyr og andre Vejledningsmærker for Skibe bekendtgøres i Bekendtgørelsestidenden, hvorhos Ministeriet træffer Foranstaltninger til den fornødne Bekendtgørelse som hidtil udenfor Landet.

§ 7.

Ministeriet er bemyndiget til, under Hensyntagen til den paagældende Kasses Indtægter og Formue, enten at paabyde eller at stille som Betingelse for Stadfæstelse af Havnereglementer, at der ved Havnene anbringes de fornødne Vejledningsmærker for Havnekassens Regning.

Det paahviler Havnekommissionerne at rense Havnene og Sejlløbene til samme for nedsunkne eller inddrevne Skibsvrag og andet, der kan foraarsage Skade paa Skibe, som ankomme til eller ligge i Havnen.

Havnekommissionen skal stedse under saadanne Omstændigheder lade udlægge en Bøje til Advarsel, indtil den endelige Foranstaltning er truffet.

De heraf følgende Omkostninger udredes af Havnekassen. Overstiger Omkostningerne 300 Kr., udredes dog det i Henhold til en af Ministeriet decideret Regning overskydende Beløb af Landskassen. De af Bøjer flydende Omkostninger bæres dog af Havnekassen alene.

Tvivilsspørgsmaal med Hensyn til Udstrækningen af en Havn eller Sejlløbet til samme afgøres af Ministeriet.

§ 8.

Nærmere Bestemmelser om Pasning af Fyr og Sømærker, samt om Foranstaltninger til at afværge Fare og Hindringer for Færdsel i Havne og paa Skibsruter omkring Landet, bliver at fastsætte ved et af Ministeriet affattet Reglement.

§ 9.

Naar en Lods opdager, at Vejledningsmærker paa det ham underlagte Omraade er i Uorden, har han ufortøvet at bringe det til vedkommende Politimesters Kundskab.

§ 10.

Overtrædelser af denne Lov straffes med Bøder indtil 200 Kr.; Sager i den Anledning behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.

Kristján Jónsson.

Jon Krabbe.